



Fréttablað Vinnís

Vinnuvistfræðifélag Íslands

8. árgangur 1. tölublað

júní 2004

Aðalfundur Vinnís var haldinn þann 14. apríl 2004 í húsi Orkuveitunnar.

Haraldur Haraldsson, deildastjóri öryggismála og vinnuumhverfis, tók á móti félagsmönnum, leiddi hópinn um hin nýju og glæsilegu húsakynni Orkuveitunnar og kynnti starfsemina og þá sérstaklega vinnuverndarstarf fyrirtækisins. Eftir það setti formaður félagsins, Þórunn Sveinsdóttir 7. aðalfund félagsins.

Þórunn fór yfir það helsta í ársskýrslunni. Skýrslan var send til allra félagsmanna fyrir aðalfund og einnig er hægt að nálgast hana á heimasíðu félagsins, www.vinnis.is

Tillögur stjórnar um breytingar á 6.gr. laga félagsins um að aðalfundur skuli haldinn eigi síðar en í apríl ár hvert var samþykkt. Einnig var samþykkt tillaga um breytingu á 7. gr. um að kosnir verði tveir varamenn í stjórn til eins árs í senn. Nýtt ákvæði til bráðabirgða um að breytingar á lögnum öðlist þegar gildi á aðalfundi var einnig samþykkt sem gr. 15. Hún fellur síðan úr gildi við samþykkt lagabreytinganna.

Kosning til stjórnar Vinnis. Berglind Helgadóttir, sjúkráþjálfari var kosin til eins árs. Þórunn Sveinsdóttir hættir sem formaður og var henni þakkað sérstaklega fyrir framlag sitt til félagsins og faggreinarinnar Vinnuvistfræði þar sem hún hefur unnið mjög óeigingjarnt starf frá stofnun Vinnís.

Haraldur Haraldsson, vinnuvistfræðingur, sem starfar hjá Orkuveitunni og Svava Jónsdóttir sérfræðingur hjá Vinnueftirlitinu voru kosin til tveggja ára. Áfram í stjórn sitja Ágústa Guðmarsdóttir sjúkráþjálfari og Snorri Ingimarsson verkfræðingur.

Í stjórn hættu Aðalheiður Sigurðardóttir sálfræðingur og Gestur Pétursson verkfræðingur. Var þeim þakkað fyrir velunnin störf.

Varamenn í stjórn félagsins eru Björg Þórðardóttir iðjupjálfari og Hildur Friðriksdóttir félagsfræðingur

Endurskoðendur félagsins eru Auður Ólafsdóttir sjúkráþjálfari og Björn S. Pálsson eftirlitsmaður hjá Vinnueftirlitinu

Ákvörðun félagsgjalda. Gjaldkeri félagsins lagði til, að tillögu stjórnar, að félagsgjöldin yrðu óbreytt, þ.e. 2000 kr fyrir einstakling og 15.000 kr. fyrir fyrirtæki. Það var samþykkt.

Önnur mál. Erlent samstarf og samtök voru kynnt stuttlega. Evrópusamtökin *Federation of European Ergonomics Society (FEES)* voru stofnuð þann 7. maí 2003, en þau starfa sem regnhlífa-samtök vinnuvistfræðifélaga í Evrópu. Norrænu samtökin NES gengu inn í þessi samtök og munu taka afstöðu til framhaldsaðildar að ári liðnu, þegar hlutverk og þróun samtakanna skýrist frekar. Norrænu löndin hafa verið með samstarf sín á milli og þurfa því að skoða sitt hlutverk og samstöðu í evrópusamtökunum.

Félagsmenn eru hvattir til að skoða heimasíður samtakanna

www.fees-network.org, www.nordiskergonomi.org eða www.nordicergonomics.org

einnig heimasíðu alþjóðasamtakanna: www.iea.com

Aðalfundi var síðan slitið kl 18.50/SJ

Fréttabréf berst nú til ykkar eingöngu rafrænt í gegnum heimasíðuna. Þannig mun heimasíðan vonandi ná til fleirri félaga og þið munið frekar eftir að fara inn á síðuna til að athuga hvað er að gerast í vinnuvistfræði hér heima og erlendis./ÁG

Samantekt um kynningu um heilbrigðis-, öryggis- og vinnuverndarstarf hjá Orkuveitu Reykjavíkur (OR) á aðalfundi Vinnis 2004.

OR er veitufyrirtæki sem framleiðir, dreifir og selur, í heildsölu og smásölu, rafmagn, kalt vatn til neyslu og brunavarna og heitt vatn til húshitunar og snjóbræðslu. Fyrirtækið hannar og selur götulýsingu og selur varaafli til fyrirtækja. Einnig rekur fyrirtækið ljósleiðarakerfi til gagnadreifingar. OR er gæðavottað fyrirtæki (ISO 9001) auk þess sem unnið er að innleiðingu umhverfisstaðals (ISO14001 og öryggisstjórnunarstaðals (OHSAS18001). Stefnt er að vottun þessara tveggja staðla árið 2005. Fyrirtækið er matvælafyrirtæki að hluta og er þ.a.l. gámesvottað. Önnur kerfi sem unnið er eftir er vottað rafmagnsöryggisstjórnunarkerfi og neyðarskipulag. Ljóst er að fyrirtækið stefnir að því að verða einstakt í sinni röð á komandi árum.

Uppbygging vinnuaðstöðu að Bæjarhálsi 1. Áhersla er lögð á að vinnuaðstaða skjánotenda sé sem best úr garði gerð. Strangar kröfur voru gerðar til nýs húsbúnaðar sem keyptur var þegar flutt var í nýjar höfuðstöðvar. Fengnir voru sérfræðingar til að taka út vinnuaðstæður skjánotenda og leiðbeina þeim um stillingar á búnaði og leiðir til að draga úr líkum á slit- og álagskvillum. Að auki er vinnuaðstaða allra nýrra starfsmanna sem vinna við skjái tekin út.

Skipulag öryggismála. Hjá OR eru starfandi 3 öryggisnefndir, ein fyrir hvert umdæmi Vinnueftirlits á þjónustusvæðum OR. Að auki eru starfandi rafmagnsöryggisnefnd, neyðarstjórn og öryggisráð með þátttöku aðstoðarforstjóra. Störf eru áhættugreind og öll slys, næstum slys og ábendingar starfsmanna eru tekin skipulega fyrir og þar sem talin er ástæða til úrbóta er verkefnum fylgt eftir í gegnum svokallað þjónustubeiðnakerfi.

Heilsufarskannanir og inflúensuspauptur. OR býður starfsmönnum upp á inflúensuspauptur á hverju ári og heilsufarsmælingar annað hvert ár. Mælingarnar stuðla að því að einstaklingar sem ekki vita að þeir teljast til áhættuhópa fá upplýsingar um það. Þeir geta því gripið til aðgerða sem miða að því að draga úr áhættu. Að auki gefst OR kostur á að grípa til aðgerða sem auðvelda starfsmönnum að forðast áhættuþætti. Starfsmenn hafa m.a. verið styrktir á námskeið til að auðvelda þeim að hætta að reykja.

Hollustueldhús. Lögð er áhersla á að þeir sem óska eftir hollum og góðum mat geti fengið eitthvað við sitt hæfi. Við uppbyggingu eldhúss OR var fenginn næringarfræðingur til ráðgjafar um ýmsa þætti sem snúa að hollustu. Haldið var námskeið fyrir starfsmenn þar sem fjallað var um gildi hollrar fæðu. Starfsmenn eldhúss hafa lagt metnað sinn í að uppfærða starfsmenn um hollustugildi hráefnis og rétt fæðuval.

Jafnréttismál. OR lætur framkvæma launakannanir með reglubundnu millibili. Starfsmönnum er boðið upp á sveigjanlegan vinnutíma, fjarvinnu og hlutastörf þar sem því verður við komið, svo nokkur dæmi séu nefnd. Verkefni sem OR hefur tekið þátt í og snúa að jafnréttismálum eru: Auður í krafti kvenna, Dæturnar með í vinnuna og Hið gullna jafnvægi. Auk þess veitir OR styrki til kvenna sem sýna framúrskarandi árangur í raunvísindanámi.

Starfsmannafélag Orkuveitu Reykjavíkur (STOR) er öflugt og þar er mikil starfsemi í gangi árið um kring sem eflir félagslegan þátt vinnunnar mjög mikið./HH

-//- -//- -//-

NES heimasíða. Eins og fram kemur undir önnur mál í aðalfundargerð Vinnis eru Norrænu Vinnuvistfræðisamtökin með heimasíðu, þar sem einnig er hægt að skrá sig á spjallrás samtakana. Þú skráir þig á spjallrásina undir flípanum **FORUM** vinstra megin á síðunni. Hægt er að senda fyrirspurnir um vinnuvistfræðileg málefni og fá ábendingar og tillögur sent til baka. Einnig er hægt að fræðast um hvað starfsmenn á vinnuverndarsviðinu á Norðurlöndum eru að spá í og ræða um. Heimasíða: www.nordiskergonomi.org /ÁG

Ráðstefnur og námskeið

NES 2004 verður haldin í Kolding í Danmörku 16.-18. ágúst 2004. Yfirskrift ráðstefnunnar að þessu sinni er "síðferði í atvinnulífinu" (Working Life Ethics). Ráðstefnan er með heimasíðu og er hægt að fá allar upplýsingar og skrá sig á: www.nes2004.dk.

50. Norræna vinnuverndarráðstefnan (Nordiska arbetsmiljömötet) verður haldið á Íslandi 30. ágúst- 1. september 2004 á Nordica hóteli. Upplýsingar og skráning er á <http://nam2004.meetingiceland.com>

NIVA-námskeið 2004, sjá heimasíðu NIVA www.niva.org

Stjórn Vinnís

Berglind Helgadóttir sjúkráþjálfari formaður
Ágústa Guðmarsdóttir sjúkráþjálfari varaformaður
Svava Jónsdóttir sérfræðingur hjá Vinnueftirliti ritari
Snorri Ingimarsson verkfræðingur gjaldkeri
Haraldur Haraldsson vinnuvistfræðingur meðstjórnandi og umsjónarmaður félagatals
Hildur Friðriksdóttir félagsfræðingur varamaður
Björg Þórðardóttir iðjuþjálfari varamaður

*Bjartar sumarkveðjur til ykkar allra. Vonandi
eigið þið endurnærandi sumar í vændum í
birtu og yl og skráið ykkur á námskeið í
ágúst við fyrsta tækifæri.*

